

UM MERKINGU OG HLUTVERK ÍSLENSKRA AÐALTENGINGA



O. Þessi grein er hluti ritgerðar sem ég skrifaði haustið 1980 og kom í stað prófs í námsþættinum *Samtímaleg og söguleg merkingarfræði* á kandidatsstigi í íslenskri málfræði. Sakir tímaskorts hef ég sáralitlu breytt, þótt víða hefði verið ástæða til. Ég þakka Höskuldí Þráinssyni ýmsa aðstoð og ábendingar, sem ég hef þó af ofangreindum ástæðum ekki tekið allar til greina.

1. INNGANGUR

Hliðskipun setninga og setningarliða (coordination) virðist koma fyrir í öllum málum og fylgja ákveðnu mynstri að meira eða minna leyti (Dik 1972:1). Þrátt fyrir það hefur hliðtenging fremur lítið verið rannsökuð fram undir þetta, og ber margt til. En með auknum áhuga á allsherjarmálfræði (Universal Grammar) á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á rannsóknir algilda, og því hafa augu manna m. a. beinst að hliðskipun.

Skilgreiningar á hliðskipun eru margar og misjafnar; einföld er skilgreining Dik (1972:25):

(1) „A coordination is a construction consisting of two or more members which are equivalent as to grammatical function, and bound together at the same level of structural hierarchy by means of a linking device.“

(1) er ætlað að ná yfir bæði hliðskipun heilla setninga, eins og í (2), og einnig einstakra liða, eins og (3):

(2) Jón las bók og María skrifaði bréf

(3) Jón og María lásu bók

„Linking device“ nær einnig yfir tengingu setninga (eða heilla liða) þótt ekkert tengiorð sé þar á milli (Dik 1972:31—2); s. s.

(4) Jón las bók, María skrifaði bréf og Pétur svaf

Aðaltengingar hafa svipaða merkingu í málum; „show a considerable resemblance in their overall grammatical use and in the set of semantic aspects which they cover in each language“ (Dik 1972:34). Þær valda því sjaldan vandræðum þegar verið er að læra nýtt mál. Oftast er hægt að setja jafnaðarmerki milli ákveðinnar tengingar í móðurmálinu og annarrar í málinu sem verið er að læra. Þarna er komin ein ástæðan fyrir því hve lítið hefur verið við þessar tengingar fengist.

1.1 Íslenskar aðaltengingar.

Talsvert hefur verið ritað um aukasetningar í íslensku, uppruna þeirra og afstöðu til aðalsetninga (sjá einkum Höskuldur Þráinsson 1979; Haraldur Matthíasson 1959); en öðru máli gegnir um tengingu aðalsetninga. Höfundar íslenskra málfræðibóka hafa yfirleitt látið sér nægja að telja upp aðaltengingarnar eða koma með einstakar athugasemdir um notkun þeirra (Jakob Jóh. Smári 1920:195—7, Björn Guðfinnsson 1938:32,

Stefán Einarsson 1949:175, Halldór Halldórsson 1955:56, Jón Friðjónsson 1978:215), eða nefna þær hreint ekki (Valtýr Guðmundsson 1922, Jakob Jóh. Smári 1932). Eina eldri málfræðibókin þar sem reynt er að gefa reglur um notkun aðaltenginganna er *Ágrip af íslenskri málfræði* Halldórs Briem (1918:73—4). Þar segir m. a.:

„Samhliðandi (*kóördínerandi*) samtengingar kallast þær, sem tengja saman orð ein, eða þá setningar, er standa samsíða eða óháðar hvor annari [. . .].

Samhliðandi samtengingar skiftast í þrjá flokka:

1. *Sambandstengingar* (*conjunctiones copulativæ*); þær tengja saman orð eða samsíða setningar, s. s. *og*, *bæði* — *og*, *hvorki* — *nje*, *ekki einungis* — *heldur einnig*, *enda* [. . .].

2. *Greinitengingar* (*sundurgreinandi* samtengingar, *c. disjunctivæ*); þær tákna, að ólíkt stendur á með eitthvað tvent, eða að einu er öðruvísi varið en öðru, s. s. *eða* (*eður*), *ellegar*, *annaðhvort* — *eða*, *ýmist* — *eða*, *hvort heldur* — *eða*, *sumpart* — *sumpart* [. . .].

3. *Gagnstæðistengingar* (*c. adversativæ*), *en*, *heldur*; þær tákna, að eitthvað er gagnstætt einhverju öðru [. . .].“

Þessum skilgreiningum fylgja svo nokkur dæmi úr hverjum flokki. Sigfús Blöndal (1920—4) hefur einnig nokkur dæmi um notkun aðaltenginganna; en af þeim er lítið hægt að ráða um hvenær hvaða tenging á við.

Í nýjustu íslenskum kennslubókum í setningafræði, *Málmyndunarfræði* Jóns Gunnarssonar (1973) og *Íslenskri málfræði* Kristjáns Árnasonar (1980) er lítillaga fjallað um tengingu aðalsetninga, einkum frá setningafræðilegu sjónarmiði. Skilyrði Jóns fyrir því að tengja megj með *og* eru þau, að um sé að ræða „setningar af sömu tegund, og ósamræmi er ekki milli“ þeirra (Jón Gunnarsson 1973:73; sbr. Chomsky 1957:36). Til að réttlæta tengingu með *en* þarf að vera um að

ræða „setningar af sömu gerð, og milli þeirra er ekki fullt samræmi“ (Jón Gunnarsson 1973:74). „Þriðja aðaltengingin er *eða*: Hún merkir ævinlega að *val* sé mögulegt“ (Jón Gunnarsson 1973:77).

Þessar skilgreiningar þeirra Halldórs og Jóns eru auðvitað réttar svo langt sem þær ná. En þær eru ónákvæmar og ófullnægjandi. Hvað er t. d. „setningar af sömu tegund“? Hvað er „ekki fullt samræmi“ eða „eitthvað er gagnstætt einhverju öðru“? Hvað merkir „að ólíkt stendur á með eitthvað tvent“? Og svo mætti lengi spyrja. Hér má þó ekki búast við skýrum svörum; það sem hér fer á eftir eru aðeins nokkrar laustengdar vanga-veltur.

1.2 Nokkur pragmatísk hugtök.

Hér á eftir verður stundum vísað til pragmatískra atriða. E. t. v. verða þau einkum notuð sem varaskeifa þegar annað bregst, en þó mun nú vera almenn skoðun fræðimanna að fullkomin merkingarlýsing tungumála verði ekki gerð nema taka pragmatísk atriði með í reikning (sjá Lyons 1977:117). Það er að vísu misjafnt að hvaða marki menn telja æskilegt eða mögulegt að draga skil milli merkingarfræði og pragmatíkur. En hvað sem því líður er nauðsynlegt að geta hér nokkurra hugtaka sem vísað verður til síðar.

Þrískiptingin í setningafræði (*syntax*), merkingarfræði (*semantics*) og pragmatík (*pragmatics*) kemur frá heimspekingum, og hefur verið skýrð á ýmsan hátt (sjá Lyons 1977:115). Ein skilgreining pragmatíkur er, að hún sé „that portion of semiotic which deals with the origin, uses, and effects of signs within the behavior in which they occur“ (Morris; tilv. e. Lyons 1977:115). Kempson (1977:68) segir að markmið pragmatískrar heildarkenningar sé „expected to be the explanation of how it is that speakers of any language can use the sentences of that language to convey messages which do not

bear any necessary relation to the linguistic content of the sentence used“.

Í þessu augnamiði hefur Grice (1975) sett fram það sem hann kallar „The Cooperative Principle“, sem í grófum dráttum megi orða svo: „Make your conversational contribution such as is required, at the stage at which it occurs, by the accepted purpose or direction of the talk exchange in which you are engaged“ (Grice 1975:45).

„The Cooperative Principle“ felur í sér fjögur meginboðorð, sem menn fylgja vanalega í samræðum, og búast við að viðmælendur þeirra fylgi. Þessi boðorð varða magn (quantity) og gæði (quality) þess sem sagt er; hvernig það tengist aðstæðum (relation) og á hvern hátt (manner) það er sagt. Hverju þessara boðorða fylgja síðan nánari ákvæði um hvernig þau koma fram. „The Cooperative Principle“ er hluti af „Conversational Implicatures“, sem aftur er undirflokkur í „Nonconventional Implicatures“, og er þetta allt saman of langt og flókið mál til að fara út í það hér, heldur skal vísað í Grice (1975) til frekari fróðleiks.

Hugtakið „Conversational Implicature“ er tengt öðru og þekktara: „presupposition“. Greint hefur verið milli tveggja tegunda: „LOGICAL or semantic presuppositions are relevant to the truth conditions on sentences [. . .] PRAGMATIC presuppositions are relevant to the appropriateness of an utterance in a context; if *S* has the pragmatic presupposition *P*, and *P* is not among the beliefs shared by speaker and hearer, then the utterance of *S* is inappropriate in that conversational context“ (Fodor 1977:206). Þarna er um að ræða mun á setningum eins og

(5) Núverandi konungur Frakklands er sköllóttur

sem er út í hött af því að Frakkland er ekki konungsríki, og því eiginlega hvorki sönn né ósönn; og

(6) Ég er í slitnum gallabuxum

sem svar við þeirri spurningu hvort maður ætli ekki að koma með á Borgina. Þetta svar er í raun og veru merkingarlaust nema báðir aðilar viti að fólki í snjáðum gallabuxum er ekki hleypt inn á Borgina. Eigi að síður hefur (6) auðvitað sannleiksgildi (truth-value) gagnstætt (5) (reyndar eru skiptar skoðanir um hvort (5) hafi sannleiksgildi, sjá t. d. Allwood, Andersson & Dahl 1977:152—3). E. t. v. mætti kalla „logical presupposition“ *forskilyrði*, en „pragmatic presupposition“ *væntingar*. Annars eru ekki allir á því að greina þarna á milli (sbr. Lyons 1977:600).

Um „presupposition“, „Conversational Implicatures“ og ýmis hugtök þessu tengd hafa verið skrifaðar margar greinar og bækur. En þessi hluti er ekki ætlaður sem yfirlit yfir pragmatísk hugtök og mikilvægi þeirra við merkingarlýsingu, né heldur til að gera nákvæma grein fyrir hugmyndum einstakra manna um þessi atriði. Hann er einfaldlega hafður hér til að geta vísað í hann varðandi ýmis vandamál, sem ekki tekst að leysa eftir öðrum (og vísindalegrí?) leiðum.

2. MERKING OG NOTKUN ÍSLENSKRA ADALTENGINGA

Hér verður fjallað um merkingarleg skilyrði fyrir hliðtengingu. Ég nota setningar tengdar með *og* sem dæmi, vegna þess að *og* er „hlutlausasta“ aðaltengingin (sbr. Dik 1972:32); þ. e. setur fæst skilyrði um samband setninganna sem hún tengir. Dik (1972:291) setur upp „scale of semantic specificity“, og segir „the more specific the semantic value of a coordinator is the heavier are the restrictions on possible pairs, triples etc. of members to be coordinated by it, and the less free is its distribution in the language“. Ég geng út frá því sem gefnu að „speakers choose to conjoin constituents, whether sentences or constituents of other types, only

when they wish to express some relation between these constituents. (The relation may be one of similarity, contrast, simultaneity, succession, etc.)" (Stockwell, Schachter & Partee 1973:315). Tenging með *og* gefur til kynna einhvern skyldleika, en sýnir ekkert um hvers eðlis hann er. Aftur á móti gefa *en* og *eða* vísbendingu um hvernig skyldleikanum er varið. Ég held því, að setningar tengdar með *en* og *eða* þurfi að fullnægja sömu skyldleikakröfum og setningar tengdar með *og*, og sínum sérstöku kröfum um *eðli* sambandsins að *auki* (sem vissulega geta valdið því, að tenging með *og* væri þar hæpin eða útilokuð).

2.1 OG

2.1.1 Merkingarleg skilyrði fyrir tengingu.

Og er algengasta aðaltengingin (Stefán Einarsson 1949:175), og raunar eitt algengasta orð íslenskunnar (í öðru sæti í Hreiðrinu, sbr. Baldur Jónsson 1975). Og getur tengt ákaflega margvíslegar setningar, en þó ekki allar. Lítum á (7); er hún ekki dálítið undarleg?

- (7) *Jörðin er hnöttur og það er verið að gera við Árnagarð

Um setningar á við þessa fjallar R. Lakoff (1971). Hún segir að ástæðan fyrir því hve vondar þær eru sé sú, að nær ómögulegt sé að ímynda sér nokkur tengsl milli fyrri og seinni hlutans. Ljóst er að báðir eru ágætir út af fyrir sig, þannig að það hlýtur að vera tenging þeirra sem veldur óeðlileikanum. En jafnvel þótt tækist að ímynda sér einhvern skyldleika, ykist *merkingarlegur* skyldleiki setninganna ekkert við það, heldur væri þar um að ræða pragmatískt atriði, bundið væntingum. Athugum nú (8):

- (8) ??Hundur beit barn á Raufarhöfn um daginn og Íranskeisari er dauður

Þessi er svo sem litlu skárri en (7). Þó væri e. t. v. hugsanlegt að viðurkenna hana með því að setja upp röð af væntingum og aðleiðslum eins og Lakoff (1971) gerir:

- (9) a Að vera bitinn er slæmt } (væntingar)
 b Að deyja er slæmt }
 c Að vera slæmt = að vera slæmt (aðleiðsla)

Svo er það spurning hvort ímyndunarafl manna er nógu auðugt til að þeir fái samhengi þarna á milli; því að „The sentence will generally be better the commoner the presuppositions and the fewer in number they are“ (Lakoff 1971:122). Það er t. d. líklegt að margir búi ekki yfir væntingunni (9) b (og þar af leiðandi verki aðleiðslan (9) c ekki) hefur hafi (10) a—c í staðinn:

- (10) a Íranskeisari var }
 glæpamaður } (væntingar)
 b Að glæpamenn }
 deyi er gott }
 c Að vera slæmt ++* að vera gott (aðleiðsla)

Aðleiðslan kemst þarna í strand, og ekkert vit fæst út úr setningunni. Annars er hæpið að fullyrða mikið um væntingar, aðleiðslur og þvíumlíkt; fæst af því er meðvitað, og því til lítills að spyrja fólk hvers vegna því finnist ein setning eðlilegri eða óeðlilegri en önnur.

Þótt merkingarlegt samband og líkindi setninga liggi í augum uppi, má ekki alltaf tengja með *og*, sbr. (11):

- (11) ?Jón fór heim með þabba sínum og Pétur fór heim með þabba sínum

Gallinn við (11) er eiginlega sá að líkindi setninganna eru of mikil; of mörg orð sameiginleg. Setningin brýtur eitt boðorða Grice (1975:46): „Be brief“. Henni má þó bjarga

* ++ þýðir hér: ekki sama og.

með því að leggja áherslu á *sinum* í síðari setningunni a. m. k.; setja það í brennidepil („focus“, sjá Lyons 1977:500—11, 598). Athyglisvert er að þarna kemur sameiginlegt orð í brennidepil. Hins vegar dugar ekki að leggja áherslu á *heim* eða *pabba*, enda þótt nokkuð augljóst sé að um er að ræða tvö heimili og tvo feður. Til að bjarga megi setningum með því að setja sameiginleg orð í brennidepil verða þau að hafa mismunandi tilvísun *innan setningarinnar*; ekki nægir að þau vísi til ólíkra hluta í raunheiminum.

Tenging er líka óeðlileg í setningum eins og (12):

(12) ?Jón er málfræðingur og hann er læs

Hér er eitt boðorð Grice (1975:45) gróflega brotið: „Do not make your contribution more informative than is required“. Flestir hafa einhverjar væntingar um málfræðinga, t. d.:

(13) a Málfræðingar þurfa að lesa heil ósköp (vænting)
 b Þess vegna þurfa þeir }
 að vera læsir } (aðleiðsla)
 c Að vera læs = }
 að vera læs }

Í seinni hlutanum koma því engar nýjar upplýsingar fram. Hitt er önnur saga, að (12) yrði viðurkennd sem fullkomlega eðlileg setning ef íslenskur bókmenntafræðingur segði hana (með undrunarhreimi); í samræmi við „Conversational Implicatures“ yrði hún skilin sem háð, sbr. orð Snorra forðum.

Tenging má auðvitað ekki leiða til mótsagnar. Þess vegna er t. d. óheimilt að tengja andstæða umsagnarliði, sem eiga við sama frumlag:

(14) *Jón er gamall og ungur

Stundum getur tenging skapað tvíræðni. En hitt er líka til, að tenging *eyði* tvíræðni,

eins og Zwicky & Sadock (1975:26—9) benda á:

(15) a Gunnar rétti fram sáttahönd
 b Geir rétti fram sáttahönd
 c Gunnar rétti fram sáttahönd, og það gerði Geir líka

Sami Sjálfstæðismaðurinn gæti sagt bæði (15) a og b, og meint aðra bókstaflega, en hina sem háð (eftir því í hvorum arminum hann væri). Þegar búið er að tengja þær í (15) c, hljóta báðar að vera sagðar í háði *eða* báðar meintar bókstaflega (og hvort sem heldur er væntanlega sagðar af einhverjum hlutlausum í innanflokksátökum Sjálfstæðisflokksins). (15)c hefur sem sé aðeins tvær merkingar í stað fjögurra sem búast mætti við. Þetta virðist stafa af því, að einhvers konar „tregðulögmál“ gildi í sambandi við „The Cooperative Principle“; ef búið er að brjóta það, getur það ekki tekið gildi alveg strax aftur, a. m. k. ekki í mjög líkum setningum.

2.1.2 OG sem aukatenging?

Hingað til hefur verið fjallað um *og* eins og það hefði enga merkingu í sjálfu sér, heldur væri aðeins notað til að tengja saman setningar og sýndi þannig að milli setninganna væri eitthvert samband; en gæfi hins vegar ekkert til kynna um hvers eðlis það væri. M. ö. o. hefur verið gert ráð fyrir að setja mætti jafnaðarmerki milli *og* og rök-tengingarinnar &. Ekki er þó víst að þetta sé algilt. „There are many other uses of *and* in everyday language. Often these should not be analysed as logical conjunctions“ (Allwood, Andersson & Dahl 1977:34). Undir þetta fellur það sem Lakoff (1971:126) kallar „asymmetric *and*“; þegar *og* virðist hafa e. k. tíðar- eða afleiðingarmerkingu:

(16) Jón datt af baki og handleggsbrotnaði
 (17) Jón lagðist fyrir og dó

Í (16) mætti setja *svo að (hann)* eða *með þeim afleiðingum að (hann)* í stað *og*, en í (17) má skjóta inn *síðan á eftir og*. Hér virðist hæpið að segja $og = \mathcal{E}$. Í rökfræðinni er $p\mathcal{E}q = q\mathcal{E}p$; en (18) virðist ekki merkja það sama og (16), og (19) ekki sama og (17), auk þess sem (19) er hæpin:

- (18) Jón handleggsbrotnaði og datt af baki
 (19) ?Jón dó og lagðist fyrir

Grice (sbr. Fodor 1977:205) heldur því fram, að alltaf sé hægt að setja jafnaðarmerki milli *og* og \mathcal{E} , og „the apparently richer meanings of the English words are due to conversational implicatures“ (Fodor 1977:205). Sannleiksgildi (16) og (18), (17) og (19) er hið sama; og Grice telur ástæðuna fyrir því að (16) og (17) eru mun eðlilegri þá, að vanalega fylgjum við boðorðinu „Be orderly“; þ. e. við segjum frá atburðinum í sömu röð og þeir gerðust. Því sé engin þörf á að taka tíðar- eða afleiðingarmerkingu *og* með í orðabók, og „any other word with the same truth conditions as *and* would give rise to the same conversational implicatures“ (Fodor 1977:207). Það er líka hægt að eyða afleiðingarmerkingunni úr (16):

- (20) Jón er nú meiri hrakfallabálkurinn:
 Hann datt af baki í gær og handleggsbrotnaði í fyrradag

(Þótt handleggsbrotnir menn ættu auðvitað ekkert að vera að hætta sér á hestbak.) Sé notuð afleiðingartenging er þetta auðvitað ekki hægt:

- (21) *Jón datt af baki í gær svo að hann handleggsbrotnaði í fyrradag

Eins er með (17); það er einfaldlega út í hött, þegar búið er að tilkynna dauða einhvers, að segja seinna í sömu setningu frá því sem hann aðhafðist áður.

Sama er að segja um notkun *og* sem e. k. tilgangstengingar, sbr. (22):

- (22) Ég er að fara og hitta Svein

Þarna sýnist mér líka um að ræða „Conversational Implicatures“, t. d. boðorðið „Be relevant“. Ég hef því tilhneigingu til að taka afstöðu með Grice; að *og* megi alltaf (eða því sem næst) tákna með \mathcal{E} .

2.1.3 Ýmis önnur notkun OG.

Ýmis notkun *og* hefur orðið útundan fram að þessu. Þar má t. d. nefna að *og* tengir alls ekki alltaf saman orð eða setningar; iðulega byrja setningar á því, t. d. í biblíumáli:

- (23) „Og í þeirri byggð voru fjárhirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar“ (Lúkas 2,8)

Notkun þessa *og* er oft bundin undanfarandi samtali; virðist þjóna þeim tilgangi að gefa til kynna að það sem á eftir kemur sé í einhverjum tengslum við það sem áður hefur verið sagt. En einnig er *og* notað í upphafi samtals, einkum ef verið er að segja stórtíðindi; það er eins og *og* mildi áhrifin eða búi menn undir:

- (24) Og þeir voru að fella gengið

(sagt dapurlega, reiðilega, með undrunarhreim o. s. frv.).

Einnig er rétt að hafa hér með það hlutverk tengdra liða að vera til áhersluauka; þ. e. þegar sömu liðir eru endurteknir:

- (25) Það rigndi og rigndi og rigndi

Svona er hægt að endurtaka sömu sögnina margsinnis. Í slíkum tilvikum má *ekki* sleppa tengingunni alls staðar nema á undan síðasta

lið, eins og vanalega er gert, því að (26) er mjög hæpin:

(26) ?*Það rigndi, rigndi og rigndi

Það er eins og tengingunni megi aðeins sleppa ef um upptalningu er að ræða, en því er ekki að heilsa í (26), þótt setningafræðileg gerð hennar bendi til þess.

2.2 EN

2.2.1 Hvað réttlætir notkun EN?

Hegðun og eiginleikar *en* hafa verið mun minna rannsökuð en samsvarandi atriði varðandi *og* (sbr. Stockwell, Schachter & Partee 1973:368). Þar er þó ýmislegt forvitnilegt á ferðum.

Hvenær á notkun *en* í stað *og* við? Skilyrði Jóns Gunnarssonar, sem nefnd eru í 1.1, eru einkum þau að milli setninganna sé „ekki fullt samræmi“. Jón segir einnig: „Skilyrðin sem ráða því hvort *og* eða *en* eru notuð eru ókunn“ (1976:28). Hansen (1967:326) segir: „*Men* er den direkte modsætning til *og* og betegner altså uoverensstemmelse, modsætning i forhold til det foregående, eller at der nu meddeles noget afvigende, indskrænkende eller uventet, usædvanligt . . .“.

Grice (sbr. Fodor 1977:207) telur að *en* sé háð „Conventional Implicatures“ (en *og* aftur á móti „Nonconventional Implicatures“). Ekki er hægt að setja jafnaðarmerki milli neinnar röktengingar og *en*, eins og hugsanlegt er milli *og* og *&*. „Unlike *and*, the word *but* carries certain implications of contrast or unexpectedness — even though, in some strict sense, *and* and *but* seem to mean the same. So a dictionary for English apparently MUST explicitly record the special connotations carried by *but*“ (Fodor 1977:207). Vegna þess að „Conventional Implicatures“ koma þarna við sögu, geta skilyrðin fyrir notkun *en* verið mismunandi eftir mál-

um, og þarf að læra þau sérstaklega. Stefán Einarsson (1949:175) bendir t. d. á, að stundum sé notað *en* í íslensku, þar sem haft væri *and* í ensku, t. d. í (27):

(27) Jón var sonur hans, en Ása dóttir

E. t. v. má því líta svo á að *og* hafi enga sjálfstæða merkingu, sé = *&*; en *en* megi tákna sem *&* + [+ANDSTÆÐA].

Æskilegt væri að geta skilgreint nánar hvað felst í „ekki fullu samræmi“, „direkt modsætning“ o. s. frv. Lítum á nokkrar setningar í því sambandi:

(28) a Jón er kennari, en Pétur (er) prestur

b *Jón er kennari, en Pétur (er) kennari

(29) a Jón barði Maríu, en kyssti Gunnu

b *Jón barði Maríu, en barði Gunnu

c *Jón barði Maríu, en kyssti Maríu

Allar þessar setningar væru tækar með *og* í stað *en*, enda oft val þar á milli. En hvers vegna ganga (28)b og (29)b og c ekki? Þar er þó alls staðar einhver munur; mismunandi frumlög í (28)b, andlög í (29)b, sagnir í (29)c.

Stockwell, Schachter & Partee (1973:370) hafa það eftir Zellig Harris (1965) að „*but*-conjunction normally requires at least two differences in the conjoined S's . . .“. Þetta þykir þeim lítil speki með tilliti til setninga s. s.:

(30) Hún er falleg en hún er heimsk

sem eru góðar, þótt þar sé aðeins einfaldur munur. En þegar betur er að gáð, krefst Harris *ekki* tvenns konar mismunar, heldur segir: „. . . *but* requires at least one difference in the predicate“ (leturbr. mín) og bætir við neðanmáls: „This is a crude statement of the differences required by *but*“ (Harris 1965:378).

Það verður því nauðsynlega að vera munur í umsagnarliðnum (predicate) og hann einn getur dugað til að réttlæta notkun *en* ef ákveðnar merkingarlegar aðstæður eru fyrir hendi. Hins vegar getur mismunandi frumlag aldrei nægt til að tengja megi með *en*, ef umsagnarliðirnir eru eins. Lítum á setningar með einfaldan mun í umsagnarliðnum:

- (31) Jón er gamall en sterkur
- (32) ??Jón er gamall en hrumur
- (33) Jón er krati en heiðarlegur
- (34) Jón er kaupfélagsstjóri en Sjálfstæðismaður
- (35) *Jón er kaupfélagsstjóri en Framsóknarmaður

Ástæðan fyrir því að þessar setningar eru misgóðar er mismunandi væntingar. Ef tengdir eru umsagnarliðir sem við búumst ekki við að eigi við um sama manninn er eðlilegt að tengja með *en*; annars má það ekki.

Þær væntingar sem hér um ræðir eru mjög misjafnlega almennar. Ég býst t. d. við að víðast hvar í heiminum þætti (31) góð, en (32) hæpin. Á hinn bóginn myndu varla aðrir en Íslendingar gera mun á (34) og (35); og þótt mér þyki (33) hreint ágæt, yrðu líklega ýmsir óánægðir með hana.

Í þessum setningum er það greinilega ekki merking orðanna í sjálfu sér sem ræður því hvort við kjósum að tengja með *og* eða *en*, heldur er það þekking á heiminum.

Ef umsagnirnar í (31)—(35) hafa mismunandi frumlög, t. d.:

- (36) Jón er krati en Pétur er heiðarlegur

kemur enn fram að mælandinn telur vera andstæðu milli þess *ad vera krati* og *ad vera heiðarlegur*. En til viðbótar drögum við þá ályktun, að Jón sé óheiðarlegur, og Pétur sé ekki krati; annars bryti notkun *en* þarna boðorðið „Be relevant“ (Grice 1975).

Þótt einfaldur munur í umsagnarlið geti dugað til að réttlæta notkun *en* er það ekki algengt. Til þess að það gangi má ekki vera bein andstæða milli orðanna sem munurinn kemur fram í; því eru t. d. (37) og (38) vondar:

- (37) *Jón er gamall en ungur
- (38) *Jón svaf en vakti

Þetta sýnir að andstæðan má ekki vera bein, heldur verður hún að vera einhvern veginn „á ská“. Orðin sem mismunandi eru mega ekki hafa sameiginlegan merkingarþátt, sem er +merktur í öðru, en ÷merktur í hinu. Eina leiðin sem ég sé til að skilgreina muninn sem þarf að vera til að nota megi *en* er sú að merkja orðin sem munurinn felst í [\pm JÁKVÆTT] eða eitthvað þvíumlíkt, og segja sem svo: Ef orð sem á við ákveðið frumlag er merkt [$+$ JÁKVÆTT], eigum við von á að önnur orð sem eiga við sama frumlag (eða annað frumlag í sömu setningu) séu það líka. Sé svo ekki, má nota *en*, en annars er notkun *en* óeðlileg. Það verður að leggja áherslu á, að [\pm JÁKVÆTT] er ekki *merkingarþáttur*, heldur byggist á mati hvers málnotanda. Mun merkingarþátta og „matsbátta“ má t. d. sjá á því, að ef umsagnirnar í (37) og (38) eiga við mismunandi frumlög, verða úr því ágætar setningar, s. s. (39):

- (39) Jón er gamall, en Pétur er ungur

Aftur á móti verða (31)—(35) álíka góðar (eða slæmar) og áður, þótt seinni umsögnin fái sérstakt frumlag; þar er um að ræða sams konar „matsþætti“:

- (40) ??Jón er gamall, en Pétur er hrumur

Milli tveggja mismunandi frumlaga virðist aldrei geta skapast sú andstæða sem ein réttlæti notkun *en*, eins og áður er sagt. Því

verður umsagnarliðurinn hér að sjá um andstæðuna; en þar er hún ekki frekar fyrir hendi en í (32).

Ef mismunandi merkingarþættir valda notkun *en*, þarf ekki mikið til. Þannig finnst mér t. d. (41) þokkaleg:

(41) ?Jón barði Maríu, en lamdi Gunnu

Að vísu gerir maður alla jafna ráð fyrir að *berja* merki sama og *lemja*. En ef við heyrum setningu á við þessa myndum við líklega hugsa sem svo (í samræmi við „The Cooperative Principle“), að mælandinn hlyti að gera einhvern mun á *berja* og *lemja* (með þáttum eins og [\pm FAST], [\pm ÁKRAFT] eða einhverju svípuðu). Þarna skiptir persónulegt mat ekki máli, né heldur þekking á heiminum.

Sennilega er algengast að tvenns konar munur sé á *en*-setningum, annaðhvort í frumlagi og umsagnarlið (sbr. (28)a), eða á tveim stöðum í umsagnarliðnum (sbr. (29)a). Það er þó ekki sama hvers eðlis munurinn er. Það dugar ekki að mismunur sé á tveimur stöðum innan sama liðar, sbr. (42)—(44):

(42) *Jón barði [_{NL} Maríu og Gunnu] en (Jón barði) [_{NL} Stínu og Sigu]

(43) *Jón kyssti Maríu [_{AL} bak við hús] en (Jón kyssti Maríu) [_{AL} niðri í kjallara]

(44) *Jón barði Maríu [_{AL} þegar hún kyssti Guðmund] en (Jón barði Maríu) [_{AL} þegar hún beit Pétur]

Að vísu dugar tvenns konar munur innan _{SL}, sbr. (29)a. Hvort það bendir til að _{SL} sem heild sé ekki til (sjá Baker 1978:259—79) skal ég ekki segja um. Hið sama virðist geta gerst í ákveðnum _{AL}:

(45) Jón kyssti Maríu [_{AL} seint í gær] en (Jón kyssti Maríu) [_{AL} snemma í dag]

2.2.2 EN í sambandi við neitun.

Þótt tvenns konar munur setninga geti réttlætt notkun *en* er hún sjaldnast algjör skylda. Það er þá helst ef neitun er í annarri setningunni:

(46) ?*Jón barði Maríu og Pétur (barði) ekki (Maríu)

(47) ??Jón kyssti Maríu og (kyssti) ekki Stínu

Í setningum á við (47) virðist þó allt í lagi að nota *og* ef sögninni er sleppt í seinni setningunni. E. t. v. tengist þetta eitthvað vanda-málum varðandi yfirgrip (scope) neitunar, en út í það er ekki hægt að fara hér.

Ef neitunin kemur á undan samtengingunni er oft notað *heldur* í stað *en*. Þar sem sögn er sleppt á eftir tengingunni er þetta skylda:

(48) Jón kyssti ekki $\left\{ \begin{array}{l} *og \\ *en \\ heldur \end{array} \right\}$ Stínu

Sé sögnin höfð með í seinni liðnum, má hins vegar nota *en*:

(49) Jón kyssti $\left\{ \begin{array}{l} en \\ heldur \end{array} \right\}$ kyssti Stínu

Einhvern veginn virðist sem neitun hengi sig í sögnina í (48), og við skiljum seinni hluta hennar svo, að neitunin eigi við hann Ífka; þ. e. sem (50), en ekki (51):

(50) $\sim K(j, (m \& s))$

(51) $K(j, (\sim m \& s))$

þar sem K = kyssa, j = Jón, m = María, s = Stína. *Heldur* virðist á einhvern hátt breyta yfirgripi neitunarinnar, þannig að við skiljum (48) sem (51). Aftur á móti má tákna (49) sem (52):

(52) $(\sim K(j, m)) \& (K(j, s))$

þannig að þar er ekki hætt á misskilningi, og því má alveg eins nota *en*.

Annars er ekki alveg sama hvort notað er *en* eða *heldur* í þeim tilvikum þar sem val er á milli. *Heldur* virðist krefjast undanfarandi samræðna; vera notað í svörum, mót-mælum, leiðréttingum o. s. frv. Eins og Kristján Árnason bendir á (1980:92—3) eru setningafræðileg áhrif *heldur* önnur en *en*; *heldur* krefst umröðunar frumlags og sagnar. Kristján telur hugsanlegt að *heldur* sé „hálf-gildings atviksorð“, sem einnig megi nota til tengingar (1980:93). En um *heldur* verður ekki fjallað meira hér.

Í tengslum við samspil neitunar og *en* verður að benda á, að notkun *en* er ekki leyf-ileg ef neitun er í báðum setningunum, sama hve margfaldur munur þeirra er að öðru leyti:

(53) *Jón barði ekki Maríu en kyssti ekki Stínu

(54) *Jón kyssti ekki Maríu í gær uppi á lofti en Pétur barði ekki Stínu í dag bak við skúrinn

Neitunin virðist þarna eyða öllum andstæðum; líklega má lýsa (53) svo:

(55) ~B(j,m) & ~K(j,s)

þar sem B=berja, K=kyssta, j=Jón, m=María, s=Stína. Neitunin myndi þá verka eins og núll í margföldunardæmi; útkoman verður alltaf núll, hversu háar sem aðrar upphæðir í dæminu eru. Útkoman báðum megin við tenginguna verður því núll; 0=0, og engin andstæða skapast sem réttlæti notkun *en*.

2.3 EDA

2.3.1 EDA þegar um val er að ræða.

Eða er notað í allt öðrum kringumstæðum en *og* og *en*; þ. e. þegar um val milli tveggja (eða fleiri) möguleika er að ræða.

Og það er yfirleitt *skylda* að velja *annan* (einn) möguleikann; í því tilliti er notkun *eða* ólík notkun röktengingarinnar *v*, þar sem hægt er að velja annan möguleikann *eða* *báða* (sbr. t. d. Allwood, Andersson & Dahl 1977:34—7).

Eða gerir ekki síðri kröfur til skyldleika milli setninganna en *og*; valið þarf að vera raunhæft á einhvern hátt. Því er

(56) *Jörðin er flöt eða Íranskeisari er dauður

ákaflega slæm. E. t. v. mætti tákna merkingu *eða* með $\& + [+VAL]$.

Án þess að geta nokkuð fullyrt um það grunar mig að tenging sjálfstæðra heilla setninga með *eða* sé fremur sjaldgæf. Yfirleitt nær valið *eða* óvissan aðeins til fárra þátta í setningunum. Þess vegna er

(57) ??Jón barði Maríu eða Pétur kyssti Stínu

frekar óeðlileg, þótt tenging með *og* eða *en* væri þarna ágæt. En það er erfitt að ímynda sér aðstæður þar sem val er á milli þessara möguleika. Lítum á (58):

(58) ?Jón barði Maríu eða beit Stínu

Þessi er skárri, því að óvissuþættirnir eru færri; það er vitað að það var *Jón* sem aðhafðist eitthvað.

(59) a Jón barði Maríu eða Stínu
b Jón barði eða beit Maríu
c Jón eða Pétur barði Maríu

Setningar á borð við (59)a—c tel ég langsamlega algengastar *eða*-setninga; þar ríkir aðeins óvissa um eitt atriði í hverri. Almennir virðist gilda, að *eða*-setningar verði því eðlilegri sem óvissuatriði eru færri. (Sama gildir í spurningum, sbr. hina frægu prófspurningu: Hver voru hin frægu orð og hver mælti þau?)

2.3.2 EÐA sem úrdráttur.

Einnig er algengt að nota *eða* þar sem ekki er um eiginlegt val að ræða, en seinni setningin dregur úr því sem fullyrt er í þeirri fyrri. Þá er jafnan skotið inn að *minnsta kosti* í seinni setninguna.

- (60) Jón fór snemma *eða* a. m. k. fyrir hádegi
- (61) Pétur var fullur *eða* a. m. k. ralhálfur
- (62) Jón kyssti Maríu *eða* reyndi það a. m. k.

Í slíkum tilvikum er einnig oft höfð neitun í seinni setningunni:

- (63) Jón er rosinn *eða* a. m. k. ekki ungur

Þar sem neitunin er notuð er um að ræða andstæða merkingarþætti, eins og í (63). Í (60)—(62) eru hins vegar ekki andheiti, heldur er stigsmunur á umsagnarliðunum (þeir eru sömu megin við núllpunktinn). En það er oft erfitt að gera sér grein fyrir því hvort um er að ræða andstæða merkingarþætti *eða* ekki. Hvers vegna er t. d. (64) vond, en (65) góð?

- (64) *Jón fór snemma, *eða* a. m. k. eftir dagmál
- (65) Jón fór snemma, *eða* a. m. k. fyrir miðnætti

Hér hlýtur að vera sameiginlegur merkingarþáttur í *snemma* og *fyrir*, en andstæður í *snemma* og *eftir*. Þó er hægt að bjarga (64) með smáviðbót:

- (66) ?Jón fór snemma, *eða* a. m. k. skömmu eftir dagmál

En hér er komið út í vangaveltur um samheiti og andheiti, sem koma ekki málinu við; um

það vísast í Lyons (1977:270 o. áfr.), svo og grein Jóns Hilmars Jónssonar (1980:122—8).

2.3.3 EÐA í bótunum.

Hér verður einnig að nefna sérstaka notkun *eða*; „there is, in addition to the alternative (ALT) use of *or*, an „ultimatum“ (ULT) use of this conjunction“ (Stockwell, Schachter & Partee 1973:371). Þarna er átt við setningar eins og:

- (67) Upp með hendur *eða* ég skýt!
- (68) Ætlarðu að hlýða, *eða* á ég að rasskella þig?

Þessar setningar eru „a kind of threat to the effect that, unless one event occurs, another (undesirable) event will“ segja Stockwell, Schachter & Partee (1973:371), og benda á ýmiss konar mun ALT- og ULT-setninga. Þau segja að í ULT-setningum verði seinni hlutinn að vera fullyrðing (declarative sentence). Mér finnst hins vegar eðlilegt að flokka (68), þar sem báðar setningarnar eru spurningar að forminu til, undir ULT. Þau segja enn fremur að *either* geti aðeins komið fyrir í ALT-setningum. Ég fæ ekki betur séð en í íslensku komi *annaðhvort* líka fyrir í ULT-setningum, og það virðist Lakoff (1971:143) líka telja um *either*:

- (69) Annaðhvort hlýðirðu *eða* ég rassskelli þig!

Aftur á móti gildir það bæði í íslensku og ensku, að hægt er í ULT-setningum að tengja boðhátarsetningu og skipun; en það er óleyfilegt í ALT-setningum.

3. NIÐURSTÖÐUR

Hér í lokin skal ég reyna að draga saman það helsta sem ég þykist hafa komist að,

annaðhvort við lestur heimilda minna eða eigin vangaveltur og heilabrot. Ég tek þó fram, að fyrir mörgum þessara atriða er mjög ófullnægjandi rökstuðningur í greininni; en það verður bara að hafa það.

- (70) Til að hliðtengja megi setningar eða liði, þarf að vera einhver skyldleiki á milli. Sá skyldleiki getur verið af ýmsum toga; merkingarlegur (þ. e. sameiginlegir merkingarþættir) eða bundinn væntingum manna, aðstæðum o. s. frv.
- (71) *og* er algengasta og „hlutlausasta“ aðaltengingin. Hún hefur eiginlega enga sjálfstæða merkingu, þjónar aðeins þeim tilgangi að binda setningar eða liði saman til að sýna að milli þeirra sé einhver skyldleiki, en kveður ekkert á um hvers eðlis sá skyldleiki er. Þar sem *og* virðist hafa afleiðingar-, tíðar-, tilgangs- eða tilvísunarmerkingu má skýra það með „Conversational Implicatures“.
- (72) Í stað *og* má nota *en* þegar ákveðið samband er milli setninganna sem tengdar eru. Milli þeirra þarf að vera ákveðin andstæða; a. m. k. einfaldur munur í umsagnarliðnum, og vfirleitt líka mismunandi frumlög. Ef frumlagið er hið sama, þarf oftast tvöfaldan mun í umsagnarliðnum til að tengja megi með *en*. Sé neitun í annarri setningunni má alltaf tengja með *en* (eða *heldur*), en aldrei, ef neitun er í báðum.
- (73) *eða* er notað ef um tvo möguleika er að ræða. *Eða*-setningar eru sennilega oft meira stytta (þ. e. hafa í upphafi haft fleiri sameiginlega liði) en *og*- og *en*-setningar. *Eða* er einnig notað (með *a. m. k.* í seinni setningunni) til að draga úr því sem búið er að fullyrða. Þá er *eða* stundum notað í e. k. hótunarsetningum.

Ég skal enda þetta á orðum Björns Guðfinnssonar (1938:32): „*Tengsl tveggja aðalsetninga* eru óbrotin og vandalítill. Er því óþarft að ræða um þau hér.“

HEIMILDIR:

- Allwood, Jens, Lars-Gunnar Andersson & Östen Dahl. 1977. *Logic in Linguistics*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Baker, Carl Lee. 1978. *Introduction to Generative-Transformational Syntax*. Prentice-Hall, Inc., Englewood Cliffs.
- Baldur Jónsson. 1975. *Tíðni orða í Hreiðrinu. Tilraunaverkefni í máltölvun. III. Orð í röð eftir lækkaði tíðni*. Rannsóknastofnun í norrænum málvísindum, Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1938. *Íslensk setningafræði handa skólum og útvarpi*. Ríkisútvarpið, Reykjavík.
- Chomsky, Noam. 1957. *Syntactic Structures*. — Mouton, The Hague.
- Dik, Simon C. 1972. *Coordination. Its Implications for the Theory of General Linguistics*. North-Holland Publishing Co., Amsterdam.
- Fodor, Janet Dean. 1977. *Semantics: Theories of Meaning in Generative Grammar*. Thomas Y. Crowell Co., New York.
- Grice, H. P. 1975. *Logic and Conversation*. Í Peter Cole & Jerry L. Morgan (ritstj.) *Syntax and Semantics, Vol. 3, Speech Acts*, s. 41—58. Academic Press, New York.
- Halldór Briem. 1918. *Ágrip af íslenskri málfræði*. 3. útg. endurskoðuð. Bókaverslun Guðmundar Gamalíelssonar, Reykjavík.
- Halldór Halldórsson. 1955. *Kennslubók í setningafræði og greinarmerkjasetningu handa frambaldsskólum*. Gefin út í samráði við fræðslumálastjóra. BOB, Akureyri.
- Hansen, Aage. 1967. *Moderne Dansk. III. Sprogbeskrivelse*. Grafisk Forlag, København.
- Haraldur Matthíasson. 1959. *Setningaform og still*. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Harris, Zellig S. 1965. *Transformational Theory*. *Language* 41:363—401.
- Höskuldur Práinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland Publishing, Inc., New York.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- 1932. *Íslensk málfræði*. 2. útg. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík.
- Jón Friðjónsson. 1978. *A Course in Modern Icelandic. Texts. Vocabulary. Grammar. Exercises. Translations*. Tímaritið Skák, Reykjavík.

- Jón Gunnarsson. 1973. *Málmyndunarfræði*. Iðunn, Reykjavík.
- 1976. *Þriðji kafli Málmyndunarfræði*. Útgáfan 1973, breytt 1975. Sérfjölrit. Iðunn, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 1980. Um merkingu og hlutverk forliðarins hálf—. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 2:119—48.
- Kempson, Ruth M. 1977. *Semantic Theory*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði. Kennslubók handa frambaldsskólum*. Fyrri hluti. Iðunn, Reykjavík.
- Lakoff, Robin. 1971. If's, And's, and But's about Conjunction. Í Charles Fillmore & Terence Langendoen (ritstj.) *Studies in Linguistic Semantics*, s. 114—49. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- Lyons, John. 1977. *Semantics*. Vols. 1 & 2. Cambridge University Press, Cambridge.
- Sigfús Blöndal. 1920—4. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Stefán Einarsson. 1949. *Icelandic Grammar. Texts. Glossary*. The Johns Hopkins Press, Baltimore.
- Stockwell, Robert P., Paul Schachter & Barbara Hall Partee. 1973. *The Major Syntactic Structures of English*. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslandsk Grammatik. Íslandsk Nutidssprog*. H. Hagerups Forlag, København.
- Zwicky, Arnold M., & Jerrold M. Sadock. 1975. Ambiguity Tests and How to Fail Them. Í John P. Kimball (ritstj.) *Syntax and Semantics, Vol. 4*, s. 1—36. Academic Press, New York.